

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/351**2020/EES/50/10**

frá 28. febrúar 2020

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun sítrónusýru (E 330) í kakó- og súkkulaðivörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ⁽²⁾, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Samkvæmt II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sítrónusýra (E 330) leyft matvælaaukefni í matvælaflokk 05.1 „Kakó- og súkkulaðivörur sem falla undir tilskipun 2000/36/EB“ við hámarksgildi sem nemur 5 000 mg/kg.
- 4) Hinn 6. mars 2018 var lögð fram umsókn um breytingu á skilyrðunum fyrir notkun sítrónusýru (E 330) í matvælaflokk 05.1 „Kakó- og súkkulaðivörur sem falla undir tilskipun 2000/36/EB“ sem felst í því að hækka hámarksgildið fyrir notkun í 10 000 mg/kg að því er varðar mjólkursúkkulaði. Umsóknin var síðan gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 5) Sítrónusýra (E 330), þegar hún er notuð sem bindiefni í kakómassa sem inniheldur mikið magn af pólýfenólum, lækkar sýrustig og hvarfast við hluta af pólýfenólunum, styrkir lit kakómassans og dregur fram dæmigerð bleik litbrigði ásamt súru berja- og ávaxtabragði. Bæði bleik litbrigði og súrt berja- og ávaxtabragð eru enn fyrir hendi í lokaafurðinni, þ.e. í súkkulaðinu. Umsóknin sýnir að nógildandi leyft hámarksgildi, sem nemur 5 000 mg/kg, er ekki nóg til að ná tilætluðu bleiku litbrigðunum og súra berja- og ávaxtabragðinu sem unnt er að ná með hámarksgildi sem nemur 10 000 mg/kg. Að því er varðar efnahvarfið milli sítrónusýru (E 330) og pólýfenóla er þörf á stöðugu hlutfalli sítrónusýru (E 330) miðað við kakómassa þannig að meira notkunarmagn af sítrónusýru (E 330) hefur í för með sér aukningu á heildarkakópurrefni í lokaafurðinni. Þessi lokaafurð myndi því vera í samræmi við skilgreininguna á mjólkursúkkulaði eins og mælt er fyrir um í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/36/EB ⁽³⁾.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 65, 4.3.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stj. 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stj. 354, 31.12.2008, bls. 1).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/36/EB frá 23. júní 2000 um kakó- og súkkulaðivörur til manndis (Stj. 197, 3.8.2000, bls. 19).

- 6) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna.
- 7) Vísindanefndin um matvæli lagði mat á öryggi sítrónusýru (E 330) árið 1990 og fastsetti ásættanlega, daglega inntöku sem „ekki tilgreind“⁽⁴⁾. Hugtakið „ekki tilgreint“ er notað þegar dagleg heildarinntaka viðkomandi efnis, á grundvelli fyrirbyggjandi eiturefnafræðilegra, lífefnafræðilegra og klínískra gagna, sem er tilkomin vegna tilvistar þess frá náttúrunnar hendi og notkun þess sem stendur í matvæli í því magni sem nauðsynlegt er til að ná tilætluðum tæknilegum áhrifum, skapar ekki hættu fyrir heilbrigði.
- 8) Sítrónusýra (E 330) er matvælaaukefni sem er leyft í ýmis matvæli í samræmi við II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008. Ekki er búið við því að hækkan á hámarksgildi hennar í 10 000 mg/kg fyrir mjólkursúkkulaði hafi veruleg áhrif á heildarváhrif.
- 9) Þar eð leyfi fyrir notkun á sítrónusýru (E 330) í mjólkursúkkulaði í magni sem nemur 10 000 mg/kg útheimtir uppfærslu á skrá Sambandsins, sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.
- 10) Því er rétt að leyfa notkun sítrónusýru (E 330) í mjólkursúkkulaði í magni sem nemur 10 000 mg/kg.
- 11) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

⁽⁴⁾ Skýrslur vísindanefndarinnar um matvæli, 25. ritröð, 1991, bls.13 (https://ec.europa.eu/food/sites/food/files/safety/docs/sci-com_scf_reports_25.pdf).

VIÐAUKI

Á eftir færslunni fyrir E 330 í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er eftirfarandi nýrri færslu bætt við í matvælaflokki 05.1. „Kakó- og súkkulaðivörur sem falla undir tilskipun 2000/36/EB“:

	„E 330	Sítrónusýra	10 000		eingöngu mjólkursúkkulaði“
--	--------	-------------	--------	--	----------------------------